

Júní 2005



Norðlenska hækkar verðskrá fyrir lambakjöt um 11% frá síðasta ári.

Hækkun á verði lambakjöts

Verðskrá fyrir lambakjöt hefur hækkað um 11% frá síðasta ári. Ný verðskrá fyrir þá sem eru með viðskiptasamninga við Norðlenska er birt í töflu hér að neðan. Verðskrá fyrir aðra verður birt í ágúst nk.

Útflutningsskylda hefur lækkad úr 36% í 18%, sem þýðir í raun, samkvæmt útreikningum Landssamtaka sauðfjárbænda, u.þ.b. 21%

heilðarhækkun á skilaverði til bænda.

Sala á lambakjöti hefur aukist verulega á síðustu mánuðum. Segja má að þessarar söluaukningar hafi orðið vart að marki í fyrirsagnar og sú þróun hefur haldið áfram það sem af er þessu ári. Að óbreyttu gæti sú staða komið upp að vöntun yrði á lambakjöti síðsumars.

Norðlenska og Búsæld boða til bænda-funda

Norðlenska og Búsæld efna til bænda-funda á starfssvæði félaganna á Norðurlandi og verður fyrri fundurinn í Ýdölum í Aðaldal miðvikudaginn 6. júlí kl. 20.30 og sá síðari í Hlíðarbæ í Hörgárbyggð fimmtudaginn 7. júlí kl. 20.30. Á fundunum verður m.a. rætt um ýmislegt er lýtur að komandi sláturtíð.

Sumarslátrun á Húsavík

Á Húsavík er stefnt að dilkaslátrun einu sinni í 32. viku (8. - 12. ágúst) - 500 - 700 dilkum - og einu sinni eða tvisvar í 33. viku (15. - 19. ágúst) - 1000 - 1500 dilkum. Svokölluð forslátrun hefst síðan 22. ágúst og er miðað við að slátra daglega þar til hin venjubundna haustslátrun hefst mánudaginn 5. september. Sigmundur Hreiðarsson, vinnslustjóri á Húsavík, væntir þess að hægt verði að slátra um 15 þúsund dilkum í ágúst ef þess verði nokkur kostur, en að sjálf-sögðu getur verður o.fl. spilað þar inn í. Í ágúst 2004 var slátrað 13.500 dilkum. Sigmundur vill koma því á framfæri við bænda að þeir sendi inn óskir um sumar- og forslátrun við fyrsta hentugleika, þannig að unnt verði með góðum fyrirvara að raða niður á sláturdaga.

Í þessu sambandi er vert að nefna að bróðurparturinn af kjöti úr sumarslátrun verður seldur inn á Bandaríkjamarkað. Reynir Eiríksson, framleiðslustjóri Norðlenska, segir mikilvægt að geta gefið kaupendum þar ytra upp sem fyrst hversu mikið magn þeir geti fengið úr sumarslátruninni. Þess vegna sé brýnt að fá svo fljótt sem auðið er upplýsingar frá bænda um fjölda dilka í slátrun í ágúst.

Pokkalegt jafnvægi á kjötmarkaði

Almennt má segja að komið sé á þokkalegt jafnvægi á kjötmarkaði - eftirspurnin helst nokkuð í hendur við framleiðsluna. Þetta á sérstaklega við um svínakjötið, en skortur hefur verið á nauta- og kýrkjöti og vill Norðlenska hvetja bænda til þess að koma með naut og kýr til slátrunar þannig að unnt sé að svara eftirspurninni. Í lambakjötinu hefur áfram verið góð sala á þessu ári, en söluaukning í lambakjöti hófst að marki í fyrra, þegar hún nam um 14% miðað við árið 2003.

Verðlagning 2005 – Verð til þeirra sem hafa gert viðskiptasamning við Norðlenska

Holdfylling	Fituflokkar					
	1	2	3	3+	4	5
DE	341,0	341,0	323,0	294,0	220,0	192,0
DU	341,0	341,0	323,0	294,0	220,0	192,0
DR	311,0	323,0	303,0	254,0	198,0	192,0
DO	284,0	309,0	254,0	254,0	198,0	192,0
DP	243,0	243,0	243,0	243,0	198,0	192,0
VP	192,0					
VR			226,0		192,0	
VHR			56,0		45,0	
VHP	45,0					
FP	34,0					
FR			85,0		36,0	

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Álagsgreiðslur 2005

	Greiðsla Markaðs-ráðs pr. dilk	Álags-greiðsla	Greiðsla útfl.kjöt	Útflutnings-hlutfall	Fjöldi í slátrun Húsavík	Fjöldi í slátrun Höfn
8. ágúst – 14. ágúst	750	15%	195	6%	500	500
15. ágúst – 19. ágúst	550	10%	195	6%	1000-1500	500
22. ágúst – 26. ágúst	425	10%	195	6%	7400	500
29. ágúst – 2. sept.	225	7%	195	6%	9500	500
5. sept. – 9. sept.	125	2%	195	12%	9500	500
12. sept. – 16. sept.			195	12%	9500	4500
19. sept. – 28. okt.			195	18%	9500	4500
31. okt. – 28. nóv.		8%	195	18%		

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Fimmtungs

hækkun á ærkjöti

Norðlenska mun hækka verð á ærkjöti um 20% til bænda, en verð á því hefur lækkað umtalsvert á umliðnum árum.

Hækkun á verði nautakjöts

Norðlenska hækkaði verð á nautakjöti til bænda nú í júnímánuði. Hækkunin nemur um 5%. Samkvæmt útreikningum Lands sambands kúabænda, sem birtar hafa verið á [www.naut.is](#), greiðir Norðlenska nú hæsta verðið í ellefu flokkum nautakjöts.

Störf í sláturtíð á Húsavík

Þeim sem óska eftir að starfa við sauðfjárslátrun hjá Norðlenska í ár er bent á að hægt er að senda inn umsókn á stöðluðu formi í gegnum heimasíðu fyrirtækisins - [www.nordlenska.is](#) - undir Starfsmenn/Atvinnuumsókn. Einnig er hægt að senda umsóknir til Sigmundar Hreiðarssonar (simmih@nordlenska.is) eða hafa samband við hann í síma 460 8888 eða til Ingibjargar K. Steinbergsdóttur (ingastina@nordlenska.is) eða hafa samband við hana í síma 460 8899.

Eyðublað sent til bænda

Með þessu fréttabréfi fylgir eyðublað, þar sem ýmsar upplýsingar er varða slátrun í haust verða skráðar. Þessar upplýsingar eru mikilvægur þáttur í gæðastýringu o.fl. hjá Norðlenska. Útfyllt eyðublað verður að fylgja sláturfélagar það verður sótt til viðkomandi bónda.

Um 500 bændur í Búsæld

Að gefnu tilefni skal tekið fram að þeim 4% sem haldið er eftir af innleggi félagsmanna í Búsæld er varið til kaupa þeirra á hlutafé í Norðlenska. Búsæld átti um síðustu áramót um 37% hlut í Norðlenska og hefur verið við það miðað að eignarhlutur bænda í Norðlenska í gegnum Búsæld aukist smám saman. Frá stofnun Búsældar í desember 2003 hefur félagsmönnum fjölgað jafnt og þétt og eru þeir nú tæplega 500 frá Borgarfirði vestur fyrir Höfn í Hornafirði. Búsæld hóf að skrá bændur í viðskiptasamninga við Norðlenska um mánaðamótin apríl-maí 2004 og segir Jón Bendiktsson, formaður stjórnar Búsældar, að fleiri bændur eigi aðild að Búsæld en fyrirfram hafi verið búist við. Jón segir að ekki sé búið að loka Búsæld að öðru leyti en því að þeir bændur sem muni hér eftir skrá sig í viðskipti við Norðlenska verði ekki sjálfkrafa stofnlagar í Búsæld.

Skil á sláturfjárloforðum

Norðlenska óskar eftir að bændur sendi inn sláturfjárloforð eins fljótt og auðið er, en sláturfjárloforð fylgir þessu fréttabréfi og einnig er unnt að nálgast eyðublað fyrir sláturfjárloforð á heimasíðu Norðlenska - [www.nordlenska.is](#) - undir Bændur/Eyðublað. Hægt er að prenta umsóknina út af vefnum og senda hana til Norðlenska í pósti, á faxi 460 8881 eða senda hana rafrænt í gegnum vefinn.

Forsenda fyrir því að unnt sé að setja upp sem nákvæmasta áætlun um haustslátrunina, sem hefst 5. september, er að sláturfjárloforðin skili sér frá bændum. Vert er að taka fram að Norðlenska óskar eftir að fá sláturfjárloforð frá öllum innleggjendum, jafnt þeim sem eru í Búsæld og utan Búsældar. Í það heila var slátrað um 90 þúsund dilkum hjá Norðlenska á Húsavík á síðasta ári.

Hertar reglur um kálfaslátrun

Að marga gefnu tilefni skal tekið fram að bændur eiga að panta fyrirfram slátrun á kálfum og dugar að það sé gert daginn fyrir slátrun, en kálfum er slátrað á miðvikudögum. Ítrekað hafa bændur komið með kálfa til slátrunar án þess að þeir væru skráðir í slátrun, sem gerir allt utanumhald erfitt.

Frá og með 1. júlí 2005 verður tekin upp sú regla að þeim kálfum verður ekki slátrað sem ekki hafa áður verið skráðir inn. Einnig er ástæða til að undirstrika að frá og með sama tíma fæst þeim kálfum ekki slátrað sem verður komið með eftir klukkan 14 á miðvikudögum.

Netföng – bankareikningar

Norðlenska vill biðja þá bændur sem hafa fengið ný netföng og/eða bankareikninga að senda þær upplýsingar í tölvupósti til Svölu á

netfangið [svalas@nordlenska.is](#) eða að hringja í hana í síma 460 8855.

SLÁTURHÚSIÐ Á HÖFN

Sumarslátrun

Á Höfn er stefnt að sumarslátrun í ágúst, fáist til þess dilkar, og er við það miðað að hún hefjist í viku 32 - 8. - 12. ágúst. Einar Karlsson, sláturhússtjóri, segir að sumarslátrun hafi ekki verið á Höfn í nokkur ár og því sé erfitt að áætla hversu mikil hún verði í ár. Einar vill hvetja bændur á svæðinu til þess að skrá sem fyrst dilka í sumarslátrunina sem og að ganga tímanlega frá sláturfjárloforðum fyrir haustslátrunina.

Norðlenska leigir sláturhúsið af Búa

Búi - félag bænda á starfssvæði sláturhússins á Höfn - hefur eignast sláturhúsið og gert langtíma leigusamning við Norðlenska. Í sumar er unnið að ýmsum lagfæringum á húsnæði sláturhússins. Til dæmis verða settar upp nýjar kæli- og frystivélar, gólf endurnýjuð o.fl. Á síðasta ári var 24 þúsund fjár slátrað á Höfn, en stefnt er að því að auka slátrunina töluvert á yfirstandandi ári.

Störf í sláturtíð

Þeim sem óska eftir að starfa við sauðfjárslátrun hjá Norðlenska á Höfn er bent á að hægt er að senda inn umsókn á stöðluðu formi í gegnum heimasíðu fyrirtækisins - undir Starfsmenn/Atvinnuumsókn. Einnig er hægt að senda umsóknir til Katrínar Dóru Þorsteinsdóttur (katrin@nordlenska.is) eða hafa samband við hana í síma 460 8805 og Einars Karlssonar (einar@nordlenska.is) eða hafa samband við hann í síma 840 8870.

Nautgripaslátrun eftir 20. júlí

Sumarleyfi starfsólks sláturhússins á Höfn stendur til 20. júlí nk. Einar Karlsson segir að nautgripaslátrun hefjist aftur eftir þann tíma og er við það miðað að slátra hálfsmánaðarlega eða oftast ef þörf krefur.